

- 4) Auk þeirra stunda sem tilgreindar eru í töflunni fær hver skóli kennarastundir til ráðstöfunar sem nemur einni vikustund á hverja 25 nemendur í hverjum aldursárgangi í 1.—8. bekk, að svo miklu leyti sem þær rúmast innan hámarksákvæða 9. gr. reglugerðar nr. 213/1975 um rekstrarkostnað grunnskóla. Þessar stundir eru ætlaðar til námsaðgreiningar t. d. með því að skipta bekkjardeild í kennslu þegar tilteknir námsþættir eru kenndir eða með frjálsu viðbótarnámi, hvorttveggja án þess að föst stundaskrá nemenda lengist fyrir vikið. Heimilt er skólastjóra, ef hann telur sérstakar ástæður koma til, að flytja hluta umræddra stunda milli aldursárganga.
- 5) Skólastjórar skulu gera áætlun um skiptistundir vegna valgreina í 8. og 9. bekk og fá hana samþykkt af hlutaðeigandi fræðslustjóra. Sama gildir um kennarastundir til ráðstöfunar sbr. 4. tölulið.

*Menntamálaráðuneytið, 3. maí 1977.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

20. apríl 1977.

Nr. 185.

## REGLUGERÐ

um gjöld fyrir tilkynningar og skráningar vörumerkja o. fl.

1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar skal greiða gjald kr. 3 000.00.

2. gr.

Fyrir beiðni um endurnýjun á skráningu vörumerkis skal greiða gjald kr. 3 000.00.

3. gr.

Fyrir skráningu vörumerkis og fyrir endurnýjun skráningar skal greiða gjald kr. 1 300.00 fyrir hvern flokk, sem samþykktur er til skráningar eða endurnýjunar merkisins.

4. gr.

Fyrir innritun í vörumerkjaskrá greiðist gjald kr. 1 000.00.

5. gr.

Fyrir útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá og fyrir tilkynningar greiðist gjald kr. 500.00.

Fyrir rannsókn á því hvort vörumerki sé skrásett, skal greiða gjald, kr. 500.00 fyrir hvern flokk, sem rannsóknin nær til.

6. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar skal greiða gjald kr. 7 500.00.

7. gr.

Gjöld samkv. 1., 2. og 6. gr. reglugerðarinnar skulu ekki endurgreidd, þótt um skráningu eða endurnýjun sé synjað, eða tilkynning eða beiðni sé afturkölluð.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47 2. maí 1968, um vörumerki, til að öðlast gildi 1. júlí 1977 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis, nr. 394 10. sept. 1975.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. apríl 1977.*

**F. h. r.**  
**Páll Flygenring.**

*Gunnar Guttormsson.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundhöll Ólafsvíkur.

Ráðuneytið hefur staðfest nýja gjaldskrá fyrir Sundhöll Ólafsvíkur og er hún þannig:

|                            |         |
|----------------------------|---------|
| Einstök skipti:            |         |
| Fullorðnir .....           | kr. 150 |
| Börn .....                 | — 100   |
| Forsölumiðar:              |         |
| Fullorðnir, 10 miðar ..... | — 1 100 |
| Börn, 10 miðar .....       | — 670   |

Auglýsing þessi birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1977.*

**F. h. r.**  
**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundhöll Selfoss.

Ráðuneytið hefur staðfest nýja gjaldskrá fyrir Sundhöll Selfoss og er hún þannig:

|                                |        |
|--------------------------------|--------|
| Aðgangur:                      |        |
| Börn .....                     | kr. 30 |
| Börn, 10 miðar .....           | — 150  |
| Fullorðnir .....               | — 100  |
| Fullorðnir, 10 miðar .....     | — 600  |
| Sundæfingakort, 20 miðar ..... | — 100  |
| Leiga:                         |        |
| Sundföt .....                  | — 40   |
| Handklæði .....                | — 100  |